

Fundur stjórnar 3. september

Mætt: Helga, Jón, Sigríður, Elfa, Rakel og Erla.

Skólaferðir

- 9. bekkur Laugar í Sælingsdal : Í ljós hefur komið að 2 umsjónarkennarar af 3 komast ekki með á þessum tíma og eru stjórnendur að leita leiða til að leysa það.
- 7. bekkur Vatnaskógur: ein nótt þykir nóg að mati stjórnenda og standa kennarar vaktina. Kostnaður per nemanda eru 10.000kr (Vatnaskógur 9000 + rúta 1800 – skólamötuneyti $2 \times 390 = 780$).
- Óskað hefur verið eftir umræðum um skóla- og vettvangsferðir svo huga megi tímanlega að skipulagi fyrir næsta vetur og skila inn umsóknum þar sem við á. Þórhildur hefur boðað fulltrúa stjórnar til fundar vegna þessa 21. september. Skólastjórnendur munu taka saman það sem helsta sem gert er í hverjum árgangi og senda fyrir fund. Rætt verður við stjórnendur um hvort hægt sé að skoða að fara á Reyki 2019-2020 í stað Vatnaskógs þar sem fagfólk heldur utan um hópinn og lögð er áhersla á samskipti og hópefli. Kostnaður fyrir viku (4 nætur) er um 26.000kr + rúta.

Foreldrafélag: Farið verður í kynningu á störfum foreldrafélagsins þar sem kynnt eru helstu verkefni, farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa og mikilvægi þess að allt skólasamfélagið vinni saman að hagsmunum barnanna.

Félagsgjöld: í vinnslu hjá gjaldkera og fer í heimabanka foreldra í sept samhliða bréfi.

Félagsmiðstöðin Bólið: stjórnin mun óska eftir kynningu frá forstöðumanni Bólsins og skoða hvernig foreldrar geta stutt við því öflug félagsmiðstöð er góð forvörn.

Legu: rætt var um að kanna möguleika á að sækja um styrki til fyrirtækja til að fjármagna verkefnið.

Sphero: Þar sem stjórnendur sjá sér ekki fært að nýta sér boð stjórnar um Lego vélmenni til kennslu í nýsköpun, samskiptum og rökhugsun fyrr en á nýju ári mun stjórnin skoða að fylgja eftir hugmyndum þeirra um Sphero vélmenni. Síðasta vetur fékk hópur kennara í eldri deild kynningu á Sphero og hafa þeir ásamt kennurum í yngri deild sýnt áhuga á að nýta sér slíkt í kennslu. Stjórnin mun kanna áhuga stjórnenda á bekkjarsetti af Sphero og hvort skólinn hefði möguleika á að veita kennurum innblástur með kynningu? Meðan verkefnið er að festa sig í sessi yrðu tækin í eigu foreldrafélagsins sem gæfist þá líka tækifæri til að lána þau t.d. í félagsmiðstöðina Bólið og Bókasafn Mosfellsbæjar sem eru áhugasöm um tækni og forritun og ætla að bjóða upp á tæknismiðjur í vetur. <https://www.sphero.com/>

Einstakir nemendur í eldri deild: Mikil ánægja er meðal foreldra með átak í eldri deild fyrir nemendur sem þurfa margvíslegan stuðning. Eftir ítarlega þarfagreiningu síðasta vetur hafa verið teknar í notkun þrjár stofur: Atómstöðin, Gerpla og Heimsljós með mismunandi úrræðum. Teymi fagfólks mun móta starfið og lögð áhersla á mælingar til að fylgjast með ávinningi verkefnisins.

Vespur: fjöldi foreldra hefur þungar áhyggjur af slyshættu sem vespur skapa á skólalóð og nágrenni. Keyrt er of hratt og óvarlega, mörg eru hjálmlaus og stundum eru 2-3 börn saman á hjóli. Áhyggjur foreldrar verða ræddar við stjórnendur og hvað sé til ráða.

Skólabílar: akstur skólabíla fór brösulega af stað og verður óskað eftir upplýsingum frá stjórnendum um stöðu mála.